



Nr.1543/2025

GJALDSKRÁ

um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 23. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Þá er Kjósarhreppi heimilt að innheimta gjald fyrir alla aðra meðhöndlun úrgangs, uppsetningu og rekstur nauðsynlegra innviða í samræmi við 2. mgr. 23. gr. laganna.

2. gr.

Gjald fyrir meðhöndlun úrgangs frá íbúðarhúsnæði.

Innheimta skal gjald fyrir meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Gjaldið miðast við grunneiningu íláta fyrir heimilisúrgang samkvæmt samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Kjósarhreppi, stærð þeirra íláta og losunartíðni í sveitarfélaginu sem er ákvörðuð af sveitarstjórn og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins. Gjaldið nýtur lögveðsréttar í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga.

Gjald fyrir grunneiningu íláta við íbúðarhúsnæði.

Tegundir úrgangs og ílát:

Blandaður úrgangur, 240 l ílát, 25.000 kr.

Lífúrgangur, 240 l ílát, 15.000 kr.

Pappi og pappír, 240 l ílát, 12.000 kr.

Plast, 240 l ílát, 12.000 kr.

Framangreindar fjárhæðir eru lágmarksfjárhæðir. Ef húsráðandi óskar eftir viðbótaríláti við íbúðarhús skal greiða viðbótargjald fyrir hvert ílát samkvæmt gjaldskrá fyrir tegund úrgangs og íláts. Vegna breytinga á skráningu íláta, svo sem vegna viðbótaríláta, skal greiða kr. 3.500.

3. gr.

Gjald vegna kostnaðar við rekstur grenndar- og söfnunarstöðva og meðhöndlun úrgangs.

Innheimta skal gjald fyrir rekstur söfnunarstöðvar:

Íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði, 24.500 kr.

Atvinnuhúsnæði, 49.000 kr.

Innheimta skal fast gjald vegna reksturs grenndarstöðva:

Frístundahúsnæði, 14.000 kr.

Innheimta skal gjald vegna meðhöndlunar úrgangs:

Lögbýli 33.000 kr.

4. gr.

Inneignarkort

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs söfnunarstöðvar og annað fast eða breytilegt gjald fyrir íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði eða eingöngu gjald vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. lögbýli, fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að söfnunarstöð fyrir samtals 5 m³ á ári fyrir annars gjaldskyldan úrgang.



Nr.1543/2025

Allir fasteignaeigendur atvinnuhúsnaðis sem greiða fast gjald vegna reksturs söfnunarstöðvar fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að söfnunarstöð fyrir samtals 10 m³ á ári fyrir annars gjaldskyldan úrgang.

Allir fasteignaeigendur sem greiða gjald vegna reksturs söfnunarstöðvar og annað fast eða breytilegt gjald fyrir íbúðarhúsnaði auk gjalds vegna meðhöndlunar úrgangs, þ.e. lögbyli, fá afhent inneignarkort sem veitir þeim gjaldfrjálsan aðgang að söfnunarstöð fyrir samtals 10 m³ á ári fyrir annars gjaldskyldan úrgang.

Glatist inneignarkort getur fasteignaeigandi nálgast nýtt kort á skrifstofu sveitarfélagsins gegn gjaldi, 5.000 kr.

Inneign færist ekki á milli ára.

Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð og miðast við m³ þess úrgangsmagns sem afsett er.

5. gr.

Gjaldtaka á móttökustöð.

Gjaldtaka á móttökustöð miðast við rúmmál þess úrgangsmagns sem skilað er inn. Allur úrgangur er gjaldskyldur við skil nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Verðskrá á Gámaplani

	<i>Hver rúmmeter</i>
Úrgangur sem ekki ber úrvinnslugjald	8.000 kr.

6. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt var af sveitarstjórn Kjósarhrepps 5. nóvember 2025, sbr. heimild í 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og tekur gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1526/2024

Kjósarhreppi, 8. desember 2025

Þorbjörg Gísladóttir
Þorbjörg Gísladóttir, sveitarstjóri



B-deild – Útgáfudagur: 30. Desember 2025